

1947 SNORRAHÁTÍÐIN 2017



Í júlímánuði 1947 var haldin stórhátíð í Reykholti. Þá heiðruðu Norðmenn Íslendinga með Snorrastyttunni eftir Gustav Vigeland. Þúsundir manna lögðu land undir fót til að taka þátt í mikilli þjóðhátíð – og sýndu þannig í verki þakklætishug til Norðmanna. Um leið var verið að fagna nýfengnu frelsi norsku þjóðarinnar eftir harðvítug styrjaldarár – og stæla hug eigin þjóðar sem hafði stofnað lýðveldi 1944. Hingað komu fulltrúar tveggja frjálsra þjóða, þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnir Íslands og Noregs tóku þátt í hátíðinni sem markaði djúp spor í menningarvitund þjóðarinnar. Snorrahátíðin hafði verið í undirbúningi um áratugaskeið.

SNORRAHÁTÍÐIR Í 70 ÁR

DRAUMSÝN SKÁLDSINS 1906 Upphaf Snorramálsins í Noregi má rekja til þess að Anders Hovden skáldprestur fór í pílgrímsferð til Íslands 1906 og gisti í Reykholti eina nótt. Þá fékk hann draumsýn: norskur æskulýður ætti að safna fyrir minnismerki um Snorra Sturluson og gefa Íslendingum.

„Heimkominn í áttugana nefndi ég þessa hugmynd við ýmsa. En það var ekki fyrr en árið 1911 að ég hóf að rita um þetta í blöðin. Við hófum söfnun fjár og alþýða manna vildi gjarnan taka þátt. Svo brast á fyrri heimsstyrjöldin og það varð verðfall á peningunum í banka“, skrifar Hovden í endurminningum sínum. Eftir stríðið fyrra var merkið tekið upp aftur – og byrjað að safna af endurnýjuðum þrótti.

SNORRAGILDI OG SÖFNUN Æskulýðurinn – ungmennafélögin höfðu þegar hafið söfnun fjár í þessu skyni og fyrsta Snorragildið var haldið í lýðháskóla Norðmæra í Surnadal, 7. desember 1919. Árið eftir, hófst hin mikla fjársöfnun landsnefndar sem var fyrstu misserin undir forystu Torleiv Hannaas, prófessors í Bergens Museum. Þeirri söfnun var hleypt af stokkunum 6. júlí 1920 á æskulýðsmóti í Jondal á Harðangri. Hannaas leiddi þetta málefni næstu misseri og starfaði nefndin af þónokkrum þrótti fyrstu árin (1920–1923). Hannaas hugðist endurskipuleggja starfið og víkka út nefndina undir lok þriðja áratugarins, en gerðist krankur og lést 1929.

SNORRANEFNDIN NORSKA Á dánarbeði 1929 ráðstafaði Hannaas nefndarstörfunum og bað nefndarmenn að samþykkja eftirmann sinn, Oscar Albert Johnsen prófessor (1876–1954).



Ólafur ríkisarfí er hér á sigurför við heimkomuna til Noregs eftir útleð í Lundúnum á stríðsárunum til Noregs, 13. maí 1945. Hann er í opnum bíl og ekur eftir Karl Johans götu. Hægra megin við konungsefnið situr hinn þekkti foringi í andspyrnuhreyfingunni Max Manus sem var sérstaklega útnefndur til að vernda konungsefnið við þetta tækifæri.

Museet Midt/Namdalsmuseet

Anders Skásheim var frá öndverðu ritari Snorranefndarinnar norsku, ólseigastur Snorravina í Noregi, og kom hingað 1947, þegar Snorrastyttan var reist í Reykholti og stjórnaði gróðursetningu trjáa í Ólafslund í Snorragarði.

Sumarið 1924 dvaldi stjórnmalaskörungrinn Jónas Jónsson frá Hriflu í Harðangri og þar kynntist hann Skásheim og söfnun hans og ungmennafélaganna á vesturlandinu fyrir stytta af Snorra og komust á kynni milli þeirra, því Skásheim fékk Jónas til að flytja fyrirlestur um Ísland í Björgvin.

Smám saman færðist áhuginn frá Vesturlandinu til annarra hluta Noregs og Fr. Paasche prófessor (1886–1943) kom í forystu fyrir málefnið, og fleiri forystumenn úr norsku menningarlífi. Og þegar krónprinsinn Olav kom til liðs við nefndina sem heiðursformaður var fljótlega þjóðin öll á bandi Snorra.

NORDAL OG JÓNAS HEIMSÆKJA VIGELAND

Árið 1925 voru Jónas og Sigurður Nordal í Noregi og fluttu þar ræður á fjáröflunarsamkomu ásamt Snorrasérfræðingnum prófessor Fr. Paasche, sem var vinur Sigurðar Nordals, og flutti tölu um Vigeland og verk hans og skyldi ágóðinn renna til Íslendingahúss. Í tengslum við þessa samkomu heimsóttu þeir fyrirlesarar Vigelands-safnið. Þegar Jónas kom heim til Íslands á sama ári skrifaði hann í Tímann grein um Vigeland sem var þýdd og endursögð í norskum blöðum og barst þannig til Vigelands sjálfs. Átti það ef til vill þátt í því allmörgum árum síðar að listamaðurinn gerði Snorrastyttuna.

Þótt stórbrotin áform Norðmanna til að minnast Snorra á 700 ára ártíð hans yrðu fljótlega landfleyg, varð bið á því að Íslendingar tækju við sér. Kristinn Stefánsson skólastjóri í Reykholti tók þá ákveðið frumkvæði sumarið 1937, ritaði grein undir heitinu „Snorragarður í Reykholti 1941“ og birti í nokkrum dagblöðum. Þar vekur Kristinn máls á því að eftir fjögur ár verði minnst tímamóta í sögu þjóðarinnar – 700. ártíðar Snorra Sturlusonar. Hvetur Kristinn til athafna, enda sé þegar boðað að Normenn muni afhenda Íslendingum minnismerki, sem líkur standi til að Vigeland muni gera:

Það á að koma upp myndarlegum trjagarði í Reykholti. En vegna þess hvernig hér hagar til, er það allmikið verk og nokkuð dýrt. Hinsvegar mega framkvæmdir ekki dragast lengur en orðið er, því að tíminn er stuttur.

Alþingi og ríkisstjórn á að vera það vel ljóst, að það er sómi eða vansæmd fyrir þjóðina alla, hvernig hér lítur út umhverfis 1941, þegar Norðmenn afhenda íslensku þjóðinni til eignar og í þakklætisskyni minnismerki af Snorra Sturlusyni. Á hinni miklu Snorrahátíð í Reykholti þarf að vera kominn



Þeir Vigeland og Oscar Albert Johnson formaður hittust við fótstall styttunnar (af Agli Skallagrímssyni með niðstöngina) til að ræða beiðni Snorranefndar um að Vigeland tæki að sér gerð Snorrastyttunnar. Hér er listamaðurinn að störfum við Egil á mótunarárum styttunnar.

Vigeland Museum

hér fagur trjágarður og aðrar nauðsynlegar umbætur gerðar. Ég bendi á, að þetta getur ekki haft mjög mikinn kostnað í för með sér fyrir ríkið, en minni sóma getum vér ekki sýnt óðali Snorra Sturlusonar, en þann, að hjálpa náttúrunni til að auka fegurðina umhverfis hið glæsilega listaverk, sem frændur vorir flytja hingað austan um haf, og á að standa hér og minna kynslóðirnar á manninn, sem mestur líómi stafar af í íslenskum bókmenntum.

STRÍÐ UM STAÐARVAL Í NOREGI Vigeland var með í ráðum varðandi afsteypu af styttunni í Noregi – og þegar hann fékk góldin verklaun sín 17. janúar 1939 féll hann frá öllum kröfum um greiðslu vegna eintaks nr. 2. Hins vegar vildi hann fá að fylgjast með gerð hennar einsog af íslenska Snorra. Síðast upphófst stríð um staðsetningu á Snorrastyttunni í Noregi og voru ýmsir staðir nefndir til sögu: Þrándheimur og Björgvin, Nærey í Naumsdal, Túnsberg á Vesturfold og Þjóðgarðurinn í Borre. Þeir tveir fyrstnefndu komu einkum til álita og gat Vigeland hugsað sér báðar borgir. Reyndar segir gamli Hovden frá því í endurminningum sínum að nefndarmönnum hefði þótt sjálfsagt að hinn forni höfuðstaður Niðarós fengi Snorra, en þá hefði „Þrándheimur“ hagað sér svo óþjóðlega í nafnastríðinu (hvort staðurinn skyldi heita Niðarós eða Þrándheimur – það síðarnefnda varð ofan á) að ákveðið hefði verið að velja Bergen.

SNORRI Á DÖGUM HEIMSTYRJALDAR Átökum um staðsetningu afsteypunnar í Noregi lyktaði með samhljóða ákvörðun nefndarinnar – með samþykki Vigelands – á fundi 24. apríl 1941 – Bergen varð fyrir valinu. En hvar í Bergen það yrði, hlytu menn að ákvarða síðar, því nú var skollin á heimsstyrjöld og Norðmenn hersetin þjóð frá 9. apríl 1940.

Samgöngur milli Noregs og Íslands féllu algerlega niður öll styrjaldarárin. Þegar Þjóðverjar hernámu Noreg vorið 1940 var ljóst að drægist að afhenda styttuna þartil friður kæmist á, en listamaðurinn hafði lokið við gerð hennar á tilsettum tíma fyrir stríð.

Fram kom krafa frá menningarmálaráðuneytinu „Kulturdepartementet“ um að reisa styttuna við Hákonarhöll í Björgvin haustið 1941, en því neitaði nefndin með öllu, ekki kæmi til álita að reisa styttuna þar áður en búið væri að afhenda Íslendingum sitt eintak af Snorra.

SNORRAHÁTÍÐ 22. SEPTEMBER 1941

Íslenska Snorranefndin hafði boðið allt að sjötíu gestum úr Reykjavík til samkomu í Reykholti til að minnast 700 ára ártíðar Snorra. Gestirnir fóru með Esju til Akraness kl. 9 á mánudagsmorgunn. Þar voru meðal ráðamanna auk formanna borgaraflokkanna Eysteinn Jónsson, og sendiherrar Norðurlandanna þriggja, biskup og margir annarra æðstu embættismanna þjóðarinnar. Leiðindaveður var fram eftir degi og ár í foráttu- vexti. Áttu menn á bifreiðum að sunnan í mesta basli með að komast heilu á áfangastað. En þegar þangað var komið hafði safnast saman töluverður mannfjöldi.

Eftir kaffidrykkju í Reykholti skoðuðu menn sig um á staðnum, meðal annars hin fornu jarðgöng sem þá var verið að grafa upp og byggja yfir. Síðan var gengið til dagskrár.

Jónas Jónsson frá Hriflu lýsti í ræðu sinni aðdragandanum í Noregi og á Íslandi, hversu Norðmenn hefðu undirbúið verkefnið og hefðu ætlað að fjölmenna til Íslands og Reykholti á þessum degi. Ekki hefði getað orðið af þeirri fyrirætlun, en nefndinni hefði enguaðsíður þótt sjálfsagt að minnast dagsins á þessum stað.

Sigurður prófessor Nordal hélt ræðu um Snorra, en sendiherra Norðmanna flutti kveðju á íslensku frá þjóð sinni, Stefán Jóhann félagsmálaráðherra las upp skeyti frá forsætisráðherra Norðmanna og Árni prófessor Pálsson hélt stutta en kröftuga ræðu fyrir minni Noregs sem tekið var undir með húrrahrópum.

Matthías Þórðarson fornmenjavörður sagði frá rannsóknnum á staðnum og formaður Snorranefndar las skeyti frá ríkisstjóra Íslands: „Hugur minn er bundinn við Snorra, Reykholt og það, sem þar fer fram í dag. Alúðarkveðjur, Sveinn Björnsson.“ Loks flutti borgfirski skáldið Halldór Helgason minningarkvæði um Snorra.

Þótt hér hefði hvaðeina verið af setningi slegið undir stjórn Snorranefndar, mátti skynja að skuggi styrjaldarinnar grúfði yfir athöfninni, og dagurinn leið sárt fyrir fjarveru Norðmanna, veðurguðirnir létu líka vanþóknun sína í ljós.

SNORRI HÖFUNDUR EGLU

Næsta dag var efnt til minningarathafnar um Snorra Sturluson í Háskóla Íslands í Reykjavík. Flest hátíðaratriði voru flutt í hátíðarsalnum. Á pallinum fyrir enda salarins var hljómsveit og kór en Páll Ísólfs- son stjórnaði tónlistarflutningi.

Fyrst lék hljómsveitin forleik eftir Hallgrím Helgason, þá var sungið lag Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar við kvæðið Norræni sterki eftir Þorstein Gíslason. Þá söng Pétur Jónsson Sverri konung við góðar undirtektir. Alexander Jóhannesson háskólarektor flutti

ávarp og lýsti stöðu Snorra í heimsbókmenntunum og gat um ýmsa rithöfunda, sem uppi voru í Evrópu um svipað leyti. Snorri Sturluson er hæsti tindurinn í andlegu lífi Íslendinga frá því er land byggðist, sagði rektor í ræðu sinni.

Sigurður prófessor Nordal flutti aðalræðu hátíðarinnar og lýsti gildi Snorra fyrir okkur Íslendinga og frændur okkar Norðmenn. „Og mér er nær að halda, að höfundur Heimskringlu hafi verið örðugasti landvarnamaðurinn, sem árásarsveitir Adolfs Hitlers hittu fyrir í Noregi 1940.“ Sigurður lýsti afdráttarlaust þeirri skoðun sinni að Snorri væri höfundur Egils sögu Skallagrímssonar, sem hann hafði ekki áður lýst jafn skýrlega. „Hugsum ekki um það, að vér misstum Snorra fyrir 700 árum, heldur um hitt, að vér eigum hann enn“, sagði Sigurður Nordal. Að lokinni ræðu hans flutti Lárus Pálsson Snorraminni Einar Benediktssonar. Að lyktum var fluttur þáttur úr Alþingishátíðarkantötu Davíðs Stefánssonar og Þjóðsöngurinn.

NORSK-ÞÝSK YFIRVÖLD MÆRA SNORRA Á 700 ára ártíð Snorra, 23. September 1941, var vígður Bauta-Snorri – átta metra hár bautasteinn í hjarta Óslóborgar. Menningarmálaráðherrann Gulbrand Lunde afhjúpaði steininn við hátíðlega viðhöfn í Hallargarðinum í Ósló (á Nisseberget í Slottsparken við enda Karl Johans gate).

Til er ljósmynd af þessum viðburði en um bautasteininn sjálfan er vangæfara að fullyrða, því hann hvarf einsog mörg fleiri minnismerki sem þóttu standa nærri hernámsvöldum nasista í Noregi – við frelsunina 1945. Til er brot af kvikmynd sem sýnir þegar verið er að taka steininn niður- en hvað varð svo um hann? Sagnfræðingar hafa að minnsta kosti í tvígang auglýst eftir upplýsingum um örlög steinsins – án árangurs. Ekkert er vitað um afdrif hans. Hann kann að hafa verið grafinn



Á 700 ára ártíð Snorra, 23. september 1941, var vígður Bauta-Snorri – átta metra hár bautasteinn í hjarta Óslóborgar. Það var menningarmálaráðherrann Gulbrand Lunde sjálfur sem afhjúpaði steininn við hátíðlega viðhöfn í Hallargarðinum í Ósló (á Nisseberget í Slottsparken við enda Karl Johans gate).

eða kastað í sjó – en hann kann einnig að hafa verið brotinn í þúsund mola í sviptivindum réttlátrar reiði vorið 1945.

NORÐMENN UNDIRBÚA REYKHOLTSFÖR Eftir stríðið sumarið 1945 hófust bréfaskipti að nýju milli Snorra-nefndanna í Noregi og Íslandi. Fyrst átti að reyna að afhenda styttuna 1946, en varð fljótlega ljóst að Norðmenn væru ekki tilbúnir eftir erfiðleika styrjaldaráranna – en menn voru á eitt sáttir um að athöfnin færi fram á miðju sumri, eftir reynsluna af veðurlagi og samgönguferfiðeikum haustið 1941.

Þegar kemur aftur að Snorrastyttu Vigelands þá var hún áfram til geymslu í Noregi og eru fréttir um það í blöðunum snemma árs 1946 að styttni hafi komist óskemmd úr loftárásun. Jónas rifjaði upp: „Líkneskið beið tilbúið og Þjóðverjar sýndu



Snorrastytta mátti sæta því að vera hjúpuð í margar vikur og ferðast til og frá Íslandi áður en samkomulag náðist um landgöngu Snorra á Akranesi og þaðan um hið forna goðaveldi hans heim á hlað í Reykholti.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Þórarinn Sigurðsson

engan lit á að nota málminn úr því til hernaðarþarfa. Pétur Ottesen gætti þess í fjárlögum, að Snorragarði væri ekki gleymt, sem betur fór, um nauðsynlegar fjárveitingar.“

Norska nefndin sendi fulltrúa sína til Íslands á vordögum 1947; Shetelig varaformann og Hakon Hamre tengdason hans en sá síðarnefndi var mæltur á íslenska tungu – og var framkvæmdastjóri norsku Snorranefndarinnar.

Var þá byrjað að skipuleggja ferðina frá Noregi; förin átti að verða fjölmenn og virðuleg og skyldi Ólafur konungsefni verða formaður fararinnar. Íslandshátíðarhöldin skyldu standa í heila viku og þátttakendur kynnst Borgarfirði, höfuðborginni,

Þingvöllum og Suðurlandsundirlöndinu. Farið var yfir þessi áform og skipulag á hádegisverðarfundum – sem stóð reyndar fram á kvöld – á Hótel Borg. Þar voru norsku fulltrúarnir tveir ásamt sendiherranum, Andersen-Rysst með Íslendingunum Jónasi frá Hriflu, Stefáni Jóhanni og Ólafi Thors, en Sigurður Nordal var erlendis og Þórir Steinþórsson í Reykholti. (Hamre varð fyrsti norskur sendikennarinn við Háskóla Íslands 1948). Jónas segir frá því að nefndarmenn hafi fyrst sest að hádegisverði í dyngju gistihússins, en fundir stóðu látlaust fram á kvöld. Þar var nánari tilhögun ákveðin, en norska sendisveitin skyldi koma til Reykjavíkur 19. júlí og halda til Reykholtis 20. júlí. Það þurfti margháttaðan undirbúning til að taka á móti allt að eitt hundrað manns frá Noregi, undir forystu konungsefnis, sem gætu unað sér á Íslandi í vikutíma.

Var þá ákveðið að íslenska Snorranefndin réði framkvæmdastjóra – Guðlaug Rósinkrans sem gegnt hafði samkynja starfi fyrir Lýðveldisstofnunina 1944. Hann opnaði skrifstofu að Garðastræti 6, og réði til sín aðstoðarmann. Þaðan var fylgst með framkvæmdum og undirbúningi í Reykholti, Reykjavík og í Noregi. Margháttaður undirbúningur tók til veitingastaða, samskipta við fjölmiðla, vegaeftirlit, lögreglu og ótal aðra aðila sem óhjákvæmilega þyrftu að taka til hendi og koma að móttöku á fulltrúum frændþjóðarinnar. Heima í Reykholti stjórnaði Þórir Steinþórsson skólustjóri fólki að störfum – og staðurinn var vel búinn undir stórhátíðina.



Floti norskra skipa með farþega á Snorrahátíð siglir inn á ytri höfnina í Reykjavík.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Mellbye formaður Snorranefndar svarar með ræðu úr lyftingu skipsins. Krónprinsinn er við hlið hans.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Ólafur Thors flytur velkomanda-ræðu sem útvarpað var um land allt. Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og Snorranefndarmenn standa fremstir, viðbúin að bjóða hátignirnar velkomnar til Snorrahátíðar á Íslandi.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Farþega- og flutningaskipið Lyra leggur að landi með foringja Norðmanna um borð; Ólaf konungsefni og Mellbye formann norsku Snorranefndarinnar og fyrrv. forsætisráðherra Noregs.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Skafti Guðjónsson

VELKOMNIR NORÐMENN

Mikill mannfjöldi var við höfnina þegar Lyra lagðist að bryggju kl. 11. Lúðrasveit heilsaði Norðmönnum með hornablæstri. Ólafur Thors flutti ræðu á norsku og var því útvarpað. Að lyktum lét hann hrópa ferfalt húrra fyrir Norðmönnum – og síðan var leikinn þjóðsöngur Noregs. Þá flutti Mellebye gamli formaður Snorranefndar og ráðherra stutta ræðu úr lyftingu Lyru þar sem hann lýsti gleði þeirra og „þakklæti þjóðar sinnar fyrir Heimskringlu og þjóðbætandi áhrif hennar“. Þá var þjóðsöngur Íslands leikinn.

Gestirnir streymdu í land, sumir fóru í Landsbankann að skipta peningum. Foringjarnir undir forystu Ólafs konungsefnis fóru í stjórnarráðið að hitta forseta. Ríkisstjórnin hafði falið Agnari Kl. Jónssyni að vera konungsefni til aðstoðar.

Flestir norsku gestanna neyttu hádegisverðar um borð í Lyru, en um kvöldið var í boði utanríkisráðherra og ríkisstjórnar Íslands efnt til kvöldverðar á Hótel Borg þar sem voru um 300 gestir. Við þetta tækifæri og fjölda annarra þá viku sem norsku gestirnir dvöldu hér á landi voru fluttar margar ræður, ótal ræður.

TIL REYKHOLTS AÐ MORGNI

Fjöldi gesta fór með Esju morguninn eftir, en meginþorri fór í bifreiðum um Hvalfjörð. Erlendu gestirnir fóru með Esju til Akraness þaðan sem skipulögð var bílalest – og fengu gestir númer með sínum bíl, þannig að allt gekk skipulega fyrir sig. Þorleifur Þórðarson forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins hafði séð um skipulagningu þessa. Geir Zoega vegamálastjóri hafði búið svo um hnútana að vegirnir til Reykholtis höfðu hlotið styrkingu á viðkvæmum stöðum og gæslumenn og lögregla – undir forystu Agnars Koofoed Hansens og Erlings Pálssonar – voru meðfram öllum höfuðvegum, og sums staðar var gjört rými fyrir minni háttar bílaviðgerðir.

REYKHOLT Í HÁTÍÐARBÚNINGI

Staður Snorra blasti við í nýjum búningi – hvít háborg sem gnævði yfir önnur mannvirki sveitarinnar. Margir höfðu gist í tjöldum um nóttina – en talið er að allt að 15 þúsund manns hafi verið í Reykholti 20. júlí. Mikil tjaldborg hafði verið reist niðri á eyrunum við Reykjadalásá. Beggja vegna árinna hafi náttúran sjálf séð svo um að næg voru bílastæði fyrir alla hátíðargesti. Aldrei höfðu fleiri safnast saman í Borgarfirði til að heiðra minningu nokkurs manns. Á ótal ljósmyndum sem teknar voru við þetta tækifæri má sjá prúðbúið fólk – af öllum toga og hátíðarbragur yfir stað og stund. Flestir gestanna höfðu merki í barmi sér, en framkvæmdastjóri Snorranefndar hafði auglýst í blöðunum eftir drengjum til sölustarfa: „Þeir piltar, sem vilja selja dagskrár og ljóð Snorrahátíðarinnar, komi í skrifstofu nefndarinnar, Garðastræti 6, fyrstu hæð fyrir hádegi 19. júlí.“

SÖGULEG NAUÐSYN

Leiðtogar þjóðanna beggja héldu ræður í Reykholti við þetta tækifæri. Páll Ísólfsson stjórnaði söng og hljóðfæraslætti Lúðrasveit Reykjavíkur lék undir stjórn A. Klahns og tveir karlakórar; Fóstbræður og Karlakór Reykjavíkur sungu undir stjórn Jóns Halldórssonar og Sigurðar Þórðarsonar.

Meðan stóð á hljómlistarflutningi og ræðuhöldum var stafa-logn í Reykholti og veðurguðirnir gældu við hátíðargesti sem minntust Snorra Sturlusonar í tónum og tali.

Jónas Jónsson frá Hriflu formaður íslensku Snorranefndarinnar sem hafði borið hitann og þunga af undirbúningi hátíðarinnar í árafjöld bauð gesti velkomna. Það var þungi í orðum formanns Snorranefndarinnar: „Í dag þakka tvær þjóðir höfundu Heimskringlu fyrir liðveislu hans í undangenginni frelsisbaráttu. Í dag taka norska konungdæmið og íslenska lýðveldið höndum saman yfir gróf hans. Sú athöfn er söguleg nauðsyn, táknræn um



Niðri á eyrunum við Reykjadalssá hafði safnast saman mígur manns, þegar kvöldið áður og gist um nóttina í tjöldum. Þar við ána var bæði mikill fjöldi tjalda og bifreiðar af öllum stærðum og gerðum.

Safnahús Borgarness – Bjarni Árnason frá Brennistöðum



Ólafur krónprins var áhugamaður um Heimskringlu – og það kom í hans hlut að afhjúpa styttna. Það gerði hann af íþróttamannslegri fagmennsku.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Jónas Jónsson frá Hriflu, formaður íslensku Snorranefndarinnar, flutti ræðu.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Helgi Hjörvar lýsti háttíðinni beint af vettvangi. Hljóðnemi hans var aftan við ræðupúlt háttíðarinnar. Við hlið hans voru blaðamenn að störfum. Þá voru og bæði norskur og danskur þulir við lýsingar fyrir heimalönd sín.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Enn veitir unað/orðlist Snorra, /still Sturlunga/stuðlum skreyttur. Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi flutti drápu – Snorraminni.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Fyrsta tréð var gróðursett af Ólafi krónprins – og af honum skyldi lundurinn fá nafn – Ólafslundur. Hér er Hákon Bjarnason skógræktarstjóri að aðstoða konungsefnið.

Ljósmyndasafn Akranes – úr förum Jóhannesar Gunnarssonar



Forseti Íslands og Ólafur krónprins taka því rólega eftir gróðursetninguna.

Ljósmyndasafn Akraness – sr. Jón M. Guðjónsson



Fólk dreifði sér um víðan völl, sumir fundu sátu og hvíldu sig stundarkorn, keluðu við kærustuna eða spjölluðu við kunningjana. Athygli vekur sérstaklega hversu fjölbreyttur klæðnaður kvenna nýtur sín vel á myndum frá hátíðinni 1947.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Glæsilega búnar konur á öllum aldri tóku þátt í hátíðinni. Hér eru þær Guðrún Danielsdóttir og Guðrún Jónsdóttir (Blaka) í forgrunni.

Safnahús Borgarnesi – Ragney Eggertsdóttir



Þegar leið á dagskrá tók fólk að dreifa sér og þreyttir hvíldu bein við næstu þúfu.

Ljósmyndasafn Akraness – úr förum Jóhannesar Gunnarssonar



Þegar fjær dró hátíðarsvæðinu var frjálsslegra um menn, karla og konur.

Ljósmyndasafn Akraness – Hansína Guðmundsdóttir



Úti við kirkjuna var gott að geta hvílt sig á hátíðaramstri.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Þórarinn Sigurðsson

þjóðlega endurreisn, fengið frelsi og ævarandi bróðurlega sambúð Norðmanna og Íslendinga.“

Eftir ræðuflutning gekk konungsefni að styttunni sem sveipuð var hvítum línúk – og afhjúpaði hana með fimlegum hreyfingum og snörum handatökum. Þá kom hinn virðulegi skörungur í ljós, steypur í brons – með Heimskringlu undir hendinni og rýting sér við síðu – Snorri sjálfur. Mannfjöldinn tók undir með fagnandi lófataki.

Í góðviðrinu heyrðist vel í gjallarhornunum og gestir dreifðust um allt svæðið og nutu veðurlíðunnar um leið og þeir námu atriðin á hátíðinni sem jafnframt var útvarpað um land allt. Að aflokinni dagskrá við skólahúsið var gengið til Snorragarðs og Norðmenn gróðursettu tólf tré – og nefndu Ólafslund. Við laugina sagði Matthías Þórðarson frá – en boðsgestirnir héldu að aflokinni hressingu í skólahúsinu heim á leið. Héraðsmenn héldu áfram að skemmta sér í Reykholti.

NORSK SNORRAVIKA Á ÍSLANDI Norsku gestirnir ásamt íslenskum gestgjöfum þeirra fóru með Esju frá Akranesi til Reykjavíkur – en meginstraumurinn lá samt fyrir Hvalfjörð. Bilafjöldinn var svo stríður að lestin mjakaðist hægt – og margir komust ekki heim fyrr en um dagmál á mánudegi, þegar aðrir voru að búa sig til fótaferðar.

Norsku gestirnir fóru eftir dagskrá næstu daga, meira og minna á vegum Snorranefndar; hér á landi höfðu verið staðsettir norskir hermenn á stríðsárunum. Meðal þeirra Norðmanna sem hér höfðu verið var skáldið Nordahl Grieg, sem féll í stríðinu. Kona hans var Gerd Grieg leikkona sem einnig hafði sett svip sinn á menningarlíf hér á landi á stríðsárunum og unnið að leiksýningum. Hafði hún ánafnað tekjum af sýningum til söfnunar fyrir minnisvarða um norska hermenn sem starfað

höfðu og fallið hér á landi – og jarðsettir voru í Fossvogskirkjugarði. Sjóður Gerdu Grieg fékk viðbótarframlög, meðal annars frá skólabörnum eins og fram kom í máli Brynjólfs Jóhannessonar sem talaði við þetta tækifæri. Ólafur konungsefni var viðstaddur þessa hátíðlega athöfn 21. júlí og þar fluttu ávörp auk hans Brynjólfur Jóhannesson og Sigurður Nordal. Fóstbræður sungu minningarljóð eftir Davíð Stefánsson við lag Páls Ísólfs-sonar. Forseti Íslands, konungsefni og forsætisráðherra lögðu blómsveiga að minnisvarðanum. Síðar um daginn var flutt norsk-íslensk messa í dómkirkjunni. Þá var haldin samkoma í hátíðarsal Háskólans, þar sem þeir prófessorar Ólafur Lárússon, Sigurður Nordal og Francis Bull fluttu ræður um norrænar bókmenntir og norsk-íslensk samskipti.

Þriðjudaginn 22. júlí voru norsku gestirnir í boði Reykjavíkurbæjar, einsog borgin var þá kölluð. Heimsóttu þeir hitaveitumannvirki að Reykjum í Mosfellssveit, en svo var skundað á Þingvöll. Þar kynnti Pálmi Hannesson rektor sögustaðinn fyrir gestum en síðan var gengið til veislu í Valhöll. Þar talaði yfir borðum Gunnar Thoroddsen borgarstjóri í Reykjavík en Ólafur konungsefni og Handöl borgarstjóri í Bergen svöruðu með hlýlegum ræðum.

Á miðvikudag – 23. júlí bauð íslenska Snorranefndin til ferðar að Gullfossi og Geysi. Hádegisverður var framreiddur undir berum himni við Gullfoss, en við Geysi var boðið upp á veitingar um miðjan dag – lax, skyr og rjóma. Sigurður Greipsson tók þar á móti gestum og lét auk þess bera mikið af sápu í Geysi sem þústaði myndarlega fyrir vikið. Á meðan þessu fór fram með meginþorra norsku gestanna fór konungsefni í norðurför til Akureyrar, þarsem herdeild Norðmanna hafði dvalið á stríðsárunum. Þar hlaut hann konunglegar móttökur – lúðraþyt, söng og sermoníur – og mat og vín – og ræður.



Fagnaður í Valhöll á Þingvöllum. Gunnar Thoroddsen flytur ræðu frá háborði.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Forseti Íslands, Sveinn Björnsson, við minnisvarðann um fallna Norðmenn í Fossvogskirkjugarði, þar sem mikill mannfjöldi var viðstaddur afhjúpun bautasteins í Snorrahátíðarvikunni 1947.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir

Daginn eftir – á fimmtudeginum fór konungsefni í bifreið suður og þaðan með flugvél til Noregs. Aðrir norskir gestir vöknðu til nýs dags í Reykjavík sem bauð upp á heimsóknir í söfnin í Reykjavík, þinghúsið og listasafn Einars Jónssonar. Þá var síðdegismóttaka hjá forseta Íslands á Bessastöðum. Um kvöldið fóru gestir til að horfa á landsleik Norðmanna og Íslendinga, sem Noregur vann 4:2. Þóttu Íslendingar standa furðu vel í Norðmönnum, og var það þakkað íslenska atvinnumanninum í knattspyrnu, Albert Guðmundssyni sem flaug frá París til að taka þátt í leiknum. Norska liðið kom fljúgandi til landsins og fór daginn eftir.

Föstudaginn 25. júlí var aftur haldið á Suðurland. Þá var farið að óskum prófessors Shetelig sem vildi að hópurinn fengi að skoða bæjarrústirnar á Stöng í Þjórsárdal – og komið nærri eldstöðvum Heklu. Hvarvetna var Snorragestum vel fagnað og á Ásólfstöðum hafði verið reist veitingatjald og gamli bændahöfðinginn Páll Stefánsson ávarpaði gesti. Síðan talaði Steinþór Sigurðsson jarðfræðingur um Heklugosið, en hann hafði verið þar við rannsóknir. Þetta var samferðamönnum þeirra sérlega eftirminnilegt, og einstætt en báðir þessir menn féllu frá innan fárra vikna. Síðan var farið yfir merkur Þjórsárdals sem byrjað var að planta skógi í undir forystu Hákonar Bjarnasonar en auk hans lýstu þeir Sigurður Þórarinsson og Sigurður Nordal fyrir gestum ýmsu af því sem fyrir augu bar – og jusu af sagnabrunni lands og þjóðar.

Laugardaginn 26. júlí, síðasta dag heimsóknarinnar efndi svo Snorranefndin til hádegisverðar með norsku gestunum. Ógleymanleg ferð var senn á enda. Þarna töluðu margir af hálfu beggja þjóða.

Sögulegri heimsókn var að ljúka. Lyra flaut ferðbúin við bryggju og fjöldi Íslendinga fylgdi gestum sínum að skipshlið.

Klukkan var orðin þrjú, og norsku gestirnir voru komnir um borð í Lyru, hún leið hægt frá bakkanum og þá kvað við söngur frá skipinu að skilnaði: Ó guð vors lands... – og margir klökknuðu. Síðan hóf mannfjöldinn á hafnarbakkanum raust sína: Ja vi elsker dette landet! Og síðustu tónarnir fylgdu norsku gestunum út á sunnið að skilnaði.



Fjöldi fólks var á hlöðum Reykhólts til að fagna Snorrastyttunni í Reykholti 20. júlí 1947.

Ljósmyndasafn Akraness – Þorsteinn Jónsson – frá Jóhannesi Gunnarssyni



Bílar höfðingja biðu brottfarar á hlaðinu í Reykholti.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur- Þórarinn Sigurðsson



Karlaðóttir Reykjavíkur og Fóstbræður sungu af rausn – og Lúðrasveit Reykjavíkur lék af þrótti. Í bakgrunni má sjá hvernig nokkrir fylgjast með af þaki prestsbústaðarins.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Vignir



Stöðugur straumur fólks var á milli hátíðarsvæðis og bílastæða og tjaldbúða niðri við Reykjadalssá.

Safnahús Borgarnesi – Bjarni Árnason frá Brennistöðum



Alls konar fólk og alls konar farartæki sáust á Snorrahátíð 1947.

Safnahús Borgarnesi – Bjarni Árnason frá Brennistöðum

SNORRAHÁTÍÐIR SEINNI TÍMA

SNORRAHÁTÍÐIN Í BERGEN 1948

Í sendinefndinni sem fór til vígslu styttunnar af Snorra í Bergen 1948 voru eftirtaldir: Bjarni Ásgeirsson ráðherra af hálfu ríkisstjórnar Íslands, Eiríkur J. Eiríksson skólastjóri af hálfu Ungmennafélags Íslands, Guðmundur Ásbjörnsson forseti bæjarstjórnar í Reykjavík af hálfu höfuðborgarinnar, Helgi Hjörvar skrifstofustjóri af hálfu Ríkisútvarpsins, Jónas Jónsson frá Hriflu, formaður Snorranefndar á Íslandi, Jón Pálmason á Akri, forseti Sameinaðs Alþingis og Ólafur Lárússon prófessor af hálfu Háskóla Íslands.

Tvær konur tóku þátt í Noregsför þessarar annars karllægu nefndar, Ásta Jónsdóttir kona Bjarna Ásgeirssonar og Auður dóttir Jónasar voru einig boðsgestir. Sendinefndin tók sér far með amerískri flugvél í áætlunarflugi frá Keflavík til Óslóar. Stjórnvöld höfðu fylgst með undirbúningnum í fjarlægð og fengið að vita um einhverja smávægilega hnökra í undirbúningnum.

ÞJÓÐHÖFÐINGLEGAR MÓTTÖKUR

Íslenska sendisveitin fékk þjóðhöfðinglegar móttökur í Ósló, sat veislur og sótti söfn og aðra skoðunarverða staði. Bæði í Ósló og síðar í Bergen tóku nefndarmenn úr norsku Snorranefndinni á móti Íslendingunum og náði gestrisnin hámarki á vígsludaginn sem bar upp á Jónsmessu – 23. júní við Maríukirkjuna nærri höfninni, sem hafði orðið fyrir valinu fyrir Snorra eftir töluvert þóf. Mikið var um dýrðir við vígsluathöfnina, lúðrapytur og söngur og ræðuhöld. Þar töluðu Ásbjörn Stensaker formaður Snorranefndar og Severin Eskeland nefndarmaður af hálfu Norðmanna auk konungsefnis, en fyrir Íslendinga fluttu ræður

þeir Jón Pálmason forseti alþingis og Jónas Jónsson formaður íslensku Snorranefndarinnar. Bæði norska og íslenska útvarpið fluttu athöfn þessa beint, – og stjórnaði Helgi Hjörvar íslensku útsendingunni.

ÁTTA ALDIR FRÁ FÆÐINGU SNORRA

FYRIRSPURN Á ÞINGI

Margvísleg hátíðarhöld í tilefni af átta alda afmæli Snorra Sturlusonar 1979 áttu sér aðdraganda á alþingi. Jónas Árnason bar fram fyrirspurn til menntamálaráðherra, hvort og hvern veg hátíðarbrigði yrðu í tilefni „stórafmælis Snorra Sturlusonar, en talið er að 800 ár séu liðin frá fæðingu hans á líðandi ári“. Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra kvað það mat sitt að þess ætti að minnst með látlausum en virðulegum hætti. Ekki ætti að endurtaka stóra Snorrahátíð í Reykholti. Í umræðunum á alþingi kom fram að Sjónvarpið hygðist láta gera kvikmynd um ævi og störf Snorra í tilefni af 800 ára afmælinu.

SNORRAHÁTÍÐIN 1979

Þótt ríkisstjórnin hefði ekki skipulagt Snorrahátíð í Borgarfirði var haldin hátíð í Reykholti í tilefni af átta alda afmæli Snorra Sturlusonar 1979, og þá að tilhlutan sýslunefnda Borgarfjarðar- og Mýrasýslna. Hátíðin hófst klukkan 14 sunnudaginn 26. ágúst, með setningarræðu Ásgeirs Péturssonar. Ræðu dagsins flutti Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður, þar sem hann gerði grein fyrir Snorra og verkum hans. Af öðrum dagskrárliðum má nefna: þjóddansa, kórsöng og einsöng. Þá var lesið upp úr verkum

Snorra og einnig flutt kvæði Jóhannesar úr Kötlum: Eigi skal höggva. Þótt veðurguðirnir væru hátíðinni hollir að þessu sinni, var áhuginn minni en áður og hátíðin fámenn. Engu að síður var margt eftirminnilegt frá þessari hátíð, meðal annars gefinn út bæklingur undir ritstjórn Þorsteins frá Hamri með kvæðum ýmissa góðskálda um Snorra.

MINNISMERKIÐ Í HVAMMI

Í tilefni af átta alda afmælinu ákváðu Borgfirðingar líka að gefa Dalamönnum minnimerki um Snorra sem reist skyldi að Hvammi í Dölum, fæðingarstað skáldsins.

SNORRI Í ÓSLÓ OG NEW YORK

Á átta alda afmælinu var einnig haldin Snorrahátíð í Ósló og kom forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, sem heiðursgestur – og fræðimaður – til hinnar norsku höfuðborgar til að flytja erindi um Snorra Sturluson og verk hans. Kristján var heiðursgestur háskólans og hélt ræðu á fjölbreytilegri Snorrahátíð í hátíðasal skólans í október 1979.

Af því ótal marga sem gert var 1979 til að minnast Snorra var eins konar útflutningur á Snorrahátíðinni, því American-Scandinavian Foundation í New York stóð fyrir sérstakri Snorrahátíð í New York um haustið.

SNORRAHÁTÍÐIN Í REYKJAVÍK 1979

Ríkisstjórn Íslands, sem vildi ekki endurtaka stóra Snorrahátíð í Reykholti, efndi til Snorrahátíðar í Reykjavík með þátttöku mætra fræðimanna og listamanna. Athöfnin hófst með því að blásarar fluttu Ár vas alda. Háskólarektor Guðlaugur Þorvaldsson prófessor setti hátíðina. Hann átti og sæti í Snorranefnd ríkisstjórnarinnar ásamt Gils Guðmundssyni og Jónasi Kristjánssyni – Ólafi Hall-

dórssyni til vara fyrir hann – auk heiðursformannsins Kristjáns Eldjárns forseta lýðveldisins.

Að lokinni ræðu Halldórs Laxness lásu þau Silja Aðalsteinsdóttir, Óskar Halldórsson og Sverrir Hólmarsson úr verkum Snorra, og sýning var í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Árni Bergmann lýsti henni svo í Þjóðviljanum:

Hönnuður þeirrar sýningar var Steinþór Sigurðsson. Þar er að finna handritablöð forn, gamlar og nýjar skreytingar við verk Snorra, útgáfur og þýðingar á þeim á fjölda tungumála. Einnig geta menn tyllt sér og heyrt lesið upp úr Heimskringlu. Sýningargestir gáfu að vonum einna mestan gaum því erindi sem myndlistarmenn hafa haft í glímu sinni við Snorra og segja þær niðurstöður margt úr menningarsögu. Hér höfum við undarlega ruglaðar goðamyndir úr Hitlers-Þýskalandi, sköpunarsögu norsks skóla í bókaskreytingu – og þrjár spánnýjar sovéskar grafikmyndir eftir Prokoféf úr Snorra-Eddu og er ein kímulegust: þar stendur tröllkonan Gjálp beggja vegna árinna sem Þór og Loki eru að svamla yfir og hefur nær drekkt þeim – en Þór hefur tekið upp stein og vill stemma á að ósi. Þarna var margt lærðra manna. Helgi á Hrafnkelsstöðum gekk að Halldóri Laxness og gerði sínar athugasemdir um Snorrræðuna og fór vel á með þeim.

Kristján Eldjárn sem var heiðursformaður Snorranefndar kom oftast að átta alda minningu Snorra Sturlusonar á árinu. Hann veitti tilaðmynda afmælisriti Sögufélagsins – Snorri átta alda minning –viðtöku. Þar voru líka höfundar afmælisgreina í bókinni viðstaddir: Bjarni Guðnason, Gunnar Karlsson, Halldór Laxness, Helgi Þorláksson, Ólafur Halldórsson og Óskar Halldórsson.

HÁLFRAR ALDAR AFMÆLI SNORRAHÁTÍÐAR 1997

Til að minnast þess að 50 ár voru liðin frá afhendingu Snorra-styttunnar efndi nýstofnuð Snorrastofa til samkomu í Reykholti sunnudaginn 27. júlí. Björn Bjarnason menntamálaráðherra flutti ávarp, Lars Roar Langslet, fv. menningarmálaráðherra Noregs, flutti erindi um Snorra og Noreg. Þá minntist Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur Snorrahátíðar 1947 og Þorsteinn Helgason sagnfræðingur las úr bók Jónasar Jónssonar frá Hriflu um hátíðina.

Tónlist var í höndum fíðluleikaranna Auður Hafsteinsdóttur og Martynas Svégzda von Bekker – og Bryndís Halla Gylfa-dóttir lék á selló. Dagskrárstjórn var í höndum Úlfars Bragasonar forstöðumanns stofnunar Sigurðar Nordals en Úlfar var einnig langan aldur stjórnarmaður í Snorrastofu.



*Handmáluð mynd. Afhent 22. júlí 1997
til varðveislu í Reykholti.*

Gjöf frá börnum og tengdabörnum séra Þorgrims Sigurðssonar og Áslaugar Guðmundsdóttur.



Mannfjöldinn við aðal-hátíðarsviðið hjá styttni var svo mikill að margir áttu bágð með að sjá hátígnirnar sem þar voru í aðalhlutverkum. Borgfirðingur úr Hálsasveit minnst þess að hafa verið í fylgd með móður sinni, sem hafði verið svo útsjónarsöm að hafa meðferðis spegil sem hún brá á loft til að geta séð og fylgst með dagskránni.

Safnahús Borgarnes – Ragney Eggertsdóttir



*Snorrahátíð seint á kveldi og gestirnir sveipaðir húmsins ró undir árvökulum augum
Snorra bónda í Reykholti.*

Safnahúsið í Borgarnesi – Valgarður Kristjánsson.

Höfundur sýningar
Óskar Guðmundsson

Verkefnastjóri
Jónína Eiríksdóttir

Hönnun og umbrot
Birna Geirfinnsdóttir
og Lóa Auðunsdóttir

Prentun og uppsetning sýningar
Bræðurnir Baldursson
Prentun sýningarskrár
Prentmet, Akranesi

Sérstakar þakkir fá
Norsk-íslensk kultursamarbeid
Borgarbyggð
Uppbyggingarsjóður Vesturlands
Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Gísli Helgason
Ljósmyndasafn Akraness, Nanna Þóra Áskelsdóttir
Safnahús Borgarnesi, Jóhanna Skúladóttir
Laufey Hannesdóttir sem fléttaði sveiga
Kvikmyndasafn Íslands, Erlendur Sveinsson
Ríkisútvarpið, Hreinn Valdimarsson.
Reykholtskórinn, stjórnandi Viðar Guðmundsson
Lúðraþeytarar: Baldvin Oddsson og Oddur Björnsson
Hljóðmeistari hátíðar Guðjón Guðmundsson
Veitingatjald: Hanna Sjöfn Guðmundsdóttir
Afkomendur Eysteins Jónssonar ráðherra
sem gáfu muni til sýningar
Þórunn Reykdal sem léði muni úr förum
Árna G. Eylands til sýningar
Gísli Geir Harðarson sem útvegaði frímerki
og fleiri aðföng til sýningar
Og aðrir þeir sem lögðu hönd á plóg.

© Snorrastofa í Reykholti, 2017



SNORRSTOFA Í REYKHOLTI
DAGSKRÁ 15. JÚLÍ 2017

Reykholtsstaður heilsar

sr. Geir Waage

Setning hátíðar

Ólafur Ragnar Grímsson fyrrv. forseti Íslands

Ávarp

Cecilie Landsverk sendiherra Noregs

Foreningen Snorres venner

Kim F. Lingjærde formaður

Saga Snorrastyttu – styttn í vitund tveggja þjóða

Óskar Guðmundsson rithöfundur

Ávarp

Björn Bjarnason formaður stjórnar Snorrastofu

Sögusýning opnuð

Snorrahátíðin 1947 í lifandi myndum – og sjötugur hljóðheimur

Bergur Þorgeirsson forstöðumaður Snorrastofu



Dagkrárstjóri hátíðar *sr. Elínborg Sturludóttir*

Lúðraþytur *Baldvin Oddsson og Oddur Björnsson*

Reykholtskórinn syngur norsk og íslensk ættjarðarlög

stjórnandi Viðar Guðmundsson

Veitingar verða seldar í tjaldi frá kl. 12.30